



Helstu verkefni nýrrar stjórnar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands 1993

Eftirtalin mál mun ný stjórn verða að fást við í starfi sínu. Þeim þarf stjórnin að raða í forgangsröð og kalla menn til samstarfs ef þurfa þykir.

Vera málsvari knattspyrnuþjálfara á Íslandi og koma fram fyrir þeirra hönd á innlendun og erlendum vettvangi (sjá nánar lög félagsins um markmið þess).

Endurskoða lög félagsins.

Ræða við stjórn KSÍ um framtíðarsamstarf í víðum skilningi.

Ræða við Fræðslunefnd KSÍ um framtíðarsamstarf og/eða verkaskiptingu.

Gera úttekt á launa- og skattamálum þjálfara og veita félagsmönnum stuðning og ráðgjöf í þeim efnum. Ennfremur að kanna réttarstöðu þeirra gagnvart félögum.

Taka þátt í erlendu samstarfi.

Endurvinnna skrá félagsins um þjálfara á Íslandi.

10. mars 1993

Bjarni Stefán Konráðsson
formaður